



Efla hf.
Páll Höskuldsson
Lynghálsi 4
110 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 17. desember 2021
Tilv.: UMH21110101/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar, f.h. Matfugls ehf., dags. 30. nóvember sl.

Í erindinu er sótt um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í erindinu kemur fram að fyrirtækið hafi sótt um nýtt starfsleyfi fyrir eldi á kjúklingi í landi Hurðarbaks í Hvalfjarðarsveit til Umhverfisstofnunar 5. október 2020 og að stofnunin vinni að gerð nýs starfsleyfis. Áður hafi starfsemin fallið undir heilbrigðisnefnd en samkvæmt núgildandi lögum skuli starfsleyfi vegna starfseminnar gefið út af Umhverfisstofnun. Fyrirtækið hafi verið með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Vesturlands sem gildi til 18. desember 2020. Það starfsleyfi hafi verið framlengt um eitt ár af Umhverfisstofnun í samræmi við 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem búið hafi verið að senda inn fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi til vinnslu og fyrirséð að ekki myndi takast að klára gerð þess áður en gildandi starfsleyfi rynni út.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr.

Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé m.a. komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar þann 1. desember sl. og var afrit sent Heilbrigðisnefnd Vesturlands og Matvælastofnun.

Umsögn barst frá Umhverfisstofnun með bréfi og tölvupósti, dags. 15. desember sl. Í umsögninni kemur fram að umsækjandi bendi á það í beiðni sinni að vinnsla á nýju starfsleyfi sé langt komin og samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun væri ljóst að nýtt starfsleyfi verður ekki gefið út áður en hið framlengda starfsleyfi renni út þann 18. desember nk. Að höfðu samráði við Umhverfisstofnun hafi því verið sótt um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Umhverfisstofnun staðfestir í umsögn sinni að fullnægjandi starfsleyfisumsókn hafi borist stofnuninni fyrir eldi rekstraraðila á kjúklingum í landi Hurðarbaks í Hvalfjarðarsveit og að eldra starfsleyfi hafi verið framlengt á grundvelli 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 til 18. desember 2021.

Tillaga að nýju starfsleyfi rekstraraðila hafi verið tekin fyrir á afgreiðslufundi starfsleyfa þar sem tekin hafi verið ákvörðun um auglýsingu starfsleyfistillögunnar. Gera megi ráð fyrir að tillaga að starfsleyfi verði í kjölfarið auglýst í fjórar vikur, sbr. 3. mgr. 7. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gefist á þeim tíma tækifæri til að gera skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillöguna, sbr. 4. mgr. 7. gr. sömu laga, áður en ákvörðun um útgáfu starfsleyfisins verði tekin. Gera megi ráð fyrir að nýtt leyfi verði gefið út eigi síðar en fjórum vikum eftir að auglýsingartíma lýkur. Ljóst sé að útgáfa nýs starfsleyfis muni ekki eiga sér stað áður en hið framlengda leyfi rennur út. Fyrir liggja að heimild til framlengingar starfsleyfis hefur verið nýtt. Umhverfisstofnun bendi á að þó einhverjar tafir á vinnslu nýs starfsleyfis megi rekja til síðbúinna svara rekstraraðila, hafi einnig orðið tafir á rekstri málsins hjá leyfisveitanda umfram málshraðaviðmið. Telji stofnunin að rekstraraðili hefði mátt hafa eðlilegar og réttmætar væntingar til þess að nýtt starfsleyfi yrði afgreitt áður en hið framlengda starfsleyfi félli úr gildi. Stofnuninni hafi borist umsókn um starfsleyfi þann 5. október 2020, umsóknin hafi verið metin fullnægjandi 2. nóvember 2020. Samkvæmt málshraðareglu Umhverfisstofnunar ætti útgáfa nýs starfsleyfis að taka átta mánuði frá því að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi berst stofnuninni. Ljóst sé að afgreiðsla málsins er komin umfram það málshraðaviðmið, hluta af þeim tögum eða a.m.k. þrjá og hálfan mánuð megi rekja til síðbúinna svara og bið eftir umsögn rekstraraðila, þó sé ljóst að þrátt fyrir þær tafir hafi orðið dráttur á rekstri málsins umfram málshraðaviðmið stofnunarinnar sem ekki sé hægt að rekja til rekstraraðila. Stofnunin telji í ljósi framangreinds að ríkir hagsmunir mæli með því að undanþága verði veitt. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemd við að umhverfis- og auðlindaráðherra veiti tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, að því gefnu að undanþágan styðjist við og fylgi skilyrðum hins framlengda starfsleyfis í hvívetna þar til nýtt starfsleyfi tekur gildi, ásamt þeim skilyrðum sem ráðherra kann að binda undanþáguna, verði hún veitt.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Vesturlands, sem barst með tölvupósti 1. desember sl., kemur fram að nefndin gerir ekki athugasemd við að umrædd undanþága verði veitt.

Forsendur fyrir veitingu tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi, skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, er að ríkar ástæður mæli með henni og að komin sé fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis. Einnig, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar, sem á ekki við í þessu tilviki. Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, hefur Umhverfisstofnun metið umsókn Matfugls ehf. um starfsleyfi fullnægjandi og að fram séu komnar ríkar ástæður sem leiða til þess að þörf er á undanþágu frá kröfu um starfsleyfi hvað varðar starfsemi Matfugls ehf. þar sem megintöf á afgreiðslu málsins eftir að fullnægjandi umsókn barst liggur hjá leyfisveitanda.

Í ljósi þessa, framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Vesturlands, þeirra ríku ástæðna að starfsemin stöðvist ekki vegna tafa sem urðu eftir að fullnægjandi starfsleyfisumsókn barst Umhverfisstofnun og verða ekki raknar til rekstraraðila og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, veitir ráðuneytið hér með Matfugli ehf. kt 4711032-330, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir alifuglabúi að Hurðabaki í Hvalfjarðarsveit.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Fylgja skal skilyrðum sem fram koma í starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Vesturlands fyrir alifuglarækt að Hurðabaki sem veitt var 18. desember 2008 og framlengt af Umhverfisstofnun til 18. desember 2021 með bréfi til Matfugls ehf. þann 4. desember 2020, sem og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit
2. Starfsemin er háð eftirliti Umhverfisstofnunar skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri starfsemi sem undanþágan nær til.

Matfugl ehf. ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti Umhverfisstofnunar. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum stofnunarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Stofnunin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá

skilyrðum undanþáguVakin er athygli á að Umhverfisstofnun gæti í eftirliti þurft að fylgja eftir kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 1. ágúst 2022.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Vesturlands